



Til Héraðssambanda og íþróttabandalaga

Reykjavík, 17.ágúst 2021

## ÞINGBOÐ

### Skotþing 2021

Skotþing 2021 verður haldið, laugardaginn 18. september 2021 og hefst kl. 11:00. Fundarstaður er Íþróttamiðstöðin í Laugardal, salur E á 3.hæð

Dagskrá skv. lögum STÍ

#### Um Þingfulltrúa

##### 8. grein

Skotíþróttaping sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda STÍ.

Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu iðkenda skotíþróttanna. Fyrir 20 til 50 iðkendur koma 2 fulltrúar og 1 fulltrúi að auki fyrir hverja byrjaða 100 þar fram yfir.

Kjörgengi og kosningarétt til skotíþróttapings hafa þeir félagar skotíþróttafélaga sem náð hafa 16 ára aldri. Á skotíþróttapingi hafa kjörnir fulltrúar einir atkvæðisrétt. Auk þeirra hafa eftirtaldir rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétt.

- a) Stjórn og varastjórn STÍ
- b) Framkvæmdastjórn ÍSÍ.
- c) Allir nefndarmenn STÍ
- d) Auk þess getur stjórn STÍ boðið öðrum til þingsetu telji hún ástæðu til.

Aðeins sá sem er í félagi sem iðkar skotíþróttina innan sérráðs eða héraðssambands er kjörgengur fulltrúi þess á skotþingi. Hver fulltrúi fer með 1 atkvæði. Þó má heimila að fulltrúi fari með 2 eða fleiri atkvæði en aðeins atkvæði þess sérráðs eða héraðssambands sem hann er fulltrúi fyrir. Þessi heimild á við þegar fulltrúi hefur forfallast eða ef langt er eða kostnaðarsamt að sækja þing. Þessi undanþága á ekki við fulltrúa sem búsettir eru þar sem þing er háð nema um skyndileg forföll sé að ræða. Umboð sem jafnframt er beiðni til þingsins um að fulltrúi fari með 2 eða fleiri atkvæði skal vera skriflegt og frá stjórn hlutaðeigandi sambandsaðila.

Virðingarfyllt  
Stjórn Skotíþróttasambands Íslands